





Viðhald íþróttamannvirkja Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar 2018, fylgiskjal með útskýringum.

1) Viðgerðir og viðhald á malbikshluta brautar.

Líkt og sjá má á myndum 1 – 27 í heild er ástand malbiksins mjög dapurt og fyrir ansi löngu kominn tími á alsherjar viðhald til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á malbiki, tækjum keppenda og koma í veg fyrir þá slysaþættu sem myndast þegar malbik brotnar upp. Einnig getur myndast mikil áhætta þegar bútar brotna og losna uppúr malbikinu þar sem þessir bútar geta hreinlega þeyst í áhorfendur, keppendur, keppnistæki eða annan búnað. Það er auk þess óásættanleg staða að iðkenndur og stjórnendur þurfi að hafa stanslausar áhyggjur af ökutækjum sínum, velfarnaði þeirra sem og áhorfenda.







1) Efnaskipti í malarkafla Rallycrossbrautar.

Rallycross keppnir eru keyrðar á braut sem samanstendur af malbiki að hluta og mól að hluta, það hefur því mikil áhrif á rallycross keppnir eins og allar aðrar keppnir að skemmdir í malbiki eru miklar en það sem hefur þó enn meiri áhrif á rallycross keppnir er ástand malakafla brautarinnar enda kominn tími á efnaskipti í henni þar sem efnið sem nú er til staðar er orðið að leðju sem mjög dýrt er að viðhalda fyrir og eftir hverja keppni auk þess sem það býður hættunni heim í veltum þegar bílar lenda á öldum sem myndast í efninu. Líkt og sjá má á eftirfarandi myndum er efnið mjög slappt.



1) Endurbætur á öryggissvæðum brautarinnar.

Fátt er okkur eins hugleikið og öryggi iðkennda sem og áhorfenda okkar, það er því mjög mikilvægt að fjármagn berist svo hægt sé að halda áfram því mjög þarfa starfi að útbúa öryggissvæði í kringum alla brautina. Ekki er öryggi keppenda einungis í húfi þar heldur ber okkur skylda með auknum kvöðum frá Akstursíþróttasambandi Íslands(AKÍS) að bæta öryggi keppenda okkar og er því nauðsynlegt að fara í þessa vinnu tafarlaust svo ekki komi til þess að keppnishald á brautinni verði hreinlega bannað og brautarleyfið dregið til baka. Nauðsynlega þarf að fjarlægja gras, góður og brekkur hringinn í kringum brautina, bæta við mól sem gerir það að verkum að bifreiðar og ökutæki stöðvast án þess að ökumenn eða tæki skaðist eða hreinlega velti. Auk þess þarf að setja upp dekkjaveggi til að koma í veg fyrir þung högg ef ökutæki fara nægjanlega hratt útaf til þess að stöðvast ekki í mölinni.





2) Viðhald á umhverfi og áhorfendasvæðum.

Áhorfendasvæðum okkar er verulega ábótavant og er því kominn tími á að endurnýja, endurskipuleggja og gera þau hæf til þess að taka við þeim fjölda áhorfenda sem kemur í viðburði, sá fjöldi sem hefur vanið komur sýnar þarf að geta sest og séð vel það sem fer fram á brautinni. Annars er fyrir séð að áhorfendur munu ekki vera til staðar allan þann tíma sem viðburðir eru að fara fram.

2) Girðingarvinna á áhorfendasvæðum.

Þær girðingar sem eru til staðar eru bæði mjög gamlar og í lélegu ásigkomulagi auk þess vantar girðingar á stórum hluta svæðisins. Í raun mætti segja að þær séu stórhættulegar þar sem vírar geta rekist í áhorfendur og duga einnig mjög illa til þess að halda aftur af áhorfendum og þá sérstaklega börnum. Það er mjög mikilvægt að hægt sé að fullvissa sig um það að börn og eða fullorðnir séu ekki að þvælast inn á brautina og keppnisvæði þar sem ökutæki eru á ferðinni og gætu orðið fyrir ökutækjum eða einhverskonar kasti frá ökutækjum, sama hvort það er gúmmí eða grjót eða álíka. Það er því mjög mikilvægt að girða vel og tryggja þannig öryggi áhorfenda.



2) Borun og tenging á neysluvatnslind.

Í augnablikinu er eina vatnið sem hægt er að nýta á svæðinu rigningavatns sem safnað er í tanka við félagsheimilið. En þetta er með öllu óásættanlegt að bjóða áhorfendum uppá algerlega ódrykkjarhæft og óhreint vatn sem okkur er á engan hátt mögulegt að tryggja gæðin á. Auk þess er engin leið til að tryggja það að til sé vatn, marg oft hefur þurft að panta bíla til að aka með vant á svæðið og dæla því í “neysluvatns” tanka við húsið. Það gefur augaleið að þetta gerir það að verkum að félagshúsnæðið er á engan hátt nýtanlegt á veturnar eða eftir að fer að frjósa þar sem augljóst er að ekki er hægt að geyma vatn utandyra á veturnar. Það er því bráðnauðsynlegt að útbúa vatnslind sem hægt er að ganga að því sem vísu að komast í vatn. Umrædda tanka má sjá á mynd hér til hliðar.



3) Klæðningar og viðvörn mannvirkja.

Viðhald og fyrirbygging á eyðileggingu mannvirkja á svæðinu er löngu tímabært og því tímaspursmál hvenær mannvikin fara að skemmast varanlega, þ.e.a.s það sem ekki er nú þegar ónýtt. Nauðsynlegt er að bera á við á félagsheimili líkt og sést á mynd hér að ofan, gluggar og þakkantur er farinn að láta mikið á sjá, tókst þó að bera örlítið á húsið sjálft til að reyna að bjarga því. Tókst einnig að mála stjórnstöð en nauðsynlegt er að klæða hana til að koma í veg fyrir frekari leka og skemmdir, þessar framkvæmdir brenndu þó stórt gat í fjárhag félagsins sem alls ekki mátti við. Stjórnstöðina má sjá hér að neðan, auk gáms sem ætlaður er fyrir starfsmenn en klæða þarf hann af til að koma í veg fyrir frekari myglu og leka.



3) Viðhald og málun á geymslugámum.

Félagið hefur í gegnum árin orðið sér út um örfáa gáma sem þjóna þeim tilgangi að geyma útbúnað og eignir félagsins. Viðhald á þeim er hinsvegar orðið mjög ábótavant og eru þeir farnir að láta mikið á sjá sem þýðir annarsvegar það að eignir félagsins eru í mikili hættu auk þess sem þeir eru mikið lýti á svæðinu og munu skemmast sé ekkert aðhafst. Þá þarf að mála til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

